

# Sjúkrahús úthýsa geðfötluðum

## Geðhjálp vill kaupa húsnæði

Geðhjálp, samtök geðsjúkra og aðstandenda, ætlar að grípa til landssófnunar til þess að geta keypt sér eigið húsnæði fyrir sjúklingana sem ríkið hendir út. Sumarlokanið ríkisins á geðdeildum sjúkrahúsanna koma sér gífurlega illa fyrir geðfatlaða og aðstandendur þeirra. „Út í bláinn að loka þessum deildum,“ segir **Ingólfur H. Ingólfsson**, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, „við verðum að reyna að gera þetta sjálf.“

„Þessar ákvarðanir stjórnvalda um að skera niður í hellbrigðiskerfinu með því að loka geðdeildunum yfir sumartímenn valda því að fólk sem veikist kemst ekki að á deildunum og það sem er þar fyrir er útskrifað allt of snemma, oft lársjúkt. Þetta eru okkar skjólstaðingar og við getum ekki unnað við þetta. Við höfum tvær leiðir. Annaðhvort að nudda í hinu opinbera eins og hverjir aðrir löbbistar og biðja þá að gera þetta ekki. Eða hins vegar að gera eitthvað sjálf. Reyna að mæta þeirri þörf sem kemur upp þegar hinn geðfatlaði kemst ekki inn á sjúkrahúsið. Aðstandendur sitja þá oft uppi með sjúklinginn og ráða kannski illa við hann. Því reynum við að efla aðstandendastarfið og koma upp aukinni félagsaðstoð hér í Hafnarbúðum,“ segir Ingólfur.

Geðhjálp hefur um nokkurt skeið haft aðra hæð hússins til umræða en afgangurinn hýst m.a. göngudeild geðeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur. Nú hefur verið tekin sú ákvörðun hjá sjúkrahúsinu að selja hlut þess í Hafnarbúðum og lýsir Geðhjálp mjög að kaupa það undir sína starfsemi. Þar myndi þá vera neyðarathvarf fyrir geðfatlað fólk sem úthýst væri af sjúkrahúsunum.

„Málið er það að geðsjúkdómar eru að því leyti frábrugðnir öðrum sjúkdómum að þeir brengla skynjun og dómgreind. Geðfatlaðir eiga oft mjög erfitt með að taka á vandamálunum sjálfir. Þess vegna er mjög erfitt fyrir menn að segja við geðsjúka manneskju: „Heyrðu, biðdu aðeins. Þú ert í sturlunarástandi núna en biðdu í hálfan mánuð!“ Þetta er absúrd og gengur bara ekki. Það er þess vegna sem það er alveg út í bláinn að loka deildunum. Það kemur ekkert í staðinn fyrir þær.“